

Reykjavík 13. október 2008

Fréttatilkynning frá Sambandi íslenskra sparisjóða



## Forseti Íslands heimsækir starfsfólk Sparisjóðanna

*Á morgun, þriðjudaginn 14. október, heimsækir herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Samband íslenskra sparisjóða og ávarpar starfsfólk sparisjóðanna um land allt. Er vettvangsheimsóknin liður í að treysta undirstöður landsins og efla samstöðu og gagnkvæman stuðning landsmanna allra.*

Forseti Íslands hefur heimsókn sína klukkan 12.30 í mötuneyti Icebank og Sambands íslenskra sparisjóða að Rauðarárstíg 27, þar sem hann snæðir hádegisverð með starfsmönnum. Því næst ávarpar hann starfsfólk sparisjóðanna í gegnum fjarfundarbúnað en með slíkum búnaði má senda til fjórtán staða víðs vegar á landinu. **Ávarpið hefst kl. 13 stundvíslega.**

Með ávarpi sínu vill forsetinn leggja áherslu á samræður um hvernig Íslendingar geti þrátt fyrir hina miklu erfiðleika sem nú blasa við treyst undirstöður efnahagslífs og samfélags og nýtt margvíslegar auðlindir landsins og fjölpættan mannauð sem þjóðin býr yfir. Þá svarar hann að lokum spurningum starfsmanna sparisjóðanna, bæði í sal og úti á landi. Áætlað er að heimsókninni ljúki 13.30.

Fréttamenn eru velkomnir á Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík, til að hlýða á orð forsetans og spyrja hann spurninga að loknu ávarpi. Eins og áður hefur komið fram ávarpar forsetinn starfsmenn sparisjóðanna stundvíslega klukkan 13.

**Nánari upplýsingar veitir Gísli Jafetsson, forstöðumaður markaðs- og fræðsluviðs SÍSP í síma 861-2220**